

Staða aðstoðarskólustjóra í Hafnarskóla sem hýsir yngra og miðstigi skólans er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur reynslu af skólastarfi og góðri færni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf ekki seinna en 1. ágúst 2026. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands. Um 100% starf er að ræða.

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA:

- Kennsluréttindi og kennslureynsla í grunnskóla
- Reynsla af stjórnun og stjórnunarstörfum
- Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni
- Þekking og reynsla af uppeldi til ábyrgðar og leiðsagnarnámi
- Sýnir metnað í starfi, sjálfstæði, drifkraft og áhuga fyrir skólaþróun
- Hefur skipulagshæfileika og er tilbúin/n að leita nýrra leiða í skólastarfinu
- Íslenskukunnátta á stigi C2 samkvæmt samevrópska matskvarðanum

STARFSSVIÐ AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA:

- Sér um daglegt skipulag á yngra og miðstigi skólans.
- Tekur þátt í að stýra faglegu starfi út frá stefnu skólans
- Er staðgengill skólustjóra og sinnir verkefnum sem skólustjóri felur honum
- Er yfirmaður stoðþjónustu á yngra og miðstigi skólans
- Vinnur að öflugu samstarfi innan og utan skólasamfélagsins
- Starfar í anda laga um farsæld barna

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 börn í 1. – 10. bekk og um 60 starfsmenn. Í skólanum fer fram metnaðarfullt starf með áherslu á leik, sköpun, gleði og vellíðan.

Í Grunnskóla Hornafjarðar er starfað eftir hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ sem kennir sjálfstjórn og ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Skólinn tekur þátt í verkefnum „Skólar á grænni grein“ og „Heilsueflandi grunnskóli“. Í Skólanum er verið að innleiða nýja aðalnámskrá grunnskóla ásamt leiðsagnarnámi.

Bent er á að samkvæmt lögum þurfa umsækjendur að samþykkja heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá. Starfið hentar öllum kynjum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Umsókn skal berast til skólustjóra Grunnskóla Hornafjarðar thordisth@hornafjordur.is fyrir 15.maí 2026. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Þórdís Þórsdóttir, skólustjóri Grunnskóla Hornafjarðar í síma 470-8440 og 698-6019 eða thordisth@hornafjordur.is

